

***BORGARRÁÐ 24. janúar 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samningu við ríkið um skipulagningu Keldnasvæðis - R18090164***

Lagt er til að borgin semji við ríkið um Keldnalandið og hefjist tafarlaust handa við skipulagningu svæðisins. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að leiða skipulagsvinnuna. Lagt verði upp með að nægt rými verði fyrir stofnanir og fyrirtæki, svo sem framtíðaruppbyggingu sjúkrahúss. Ennfremur verði áhersla á að skipuleggja hagstætt húsnæði sem sárlega vantar í borginni.

Greinargerð:

Mikil þörf er fyrir hagstætt húsnæði, en nýtt húsnæði í Reykjavík er að langmestu leyti á dýrum þéttingarsvæðum. Undanfarið hefur mun meiri fjölgun verið í nágrennasveitarfélögunum en í borginni með tilheyrandi álagi á samgöngukerfin. Í niðurstöðu átakshóps um húsnæði sem skilaði niðurstöðum 22. janúar er lögð sérstök áhersla á Keldnalandið. Jafnframt þarf að bæta samgöngur með stóratáki í vegaframkvæmdum og bættum almenningsamgöngum. Þá telur yfirgnæfandi meirihluti lækna þörf á nýju staðarvalsmati fyrir sjúkrahús. Með því að skipuleggja Keldnalandið verður til raunhæfur valkostur fyrir framtíðaruppbyggingu sjúkrahúss og annara stofnanna í austurborginni. Slík uppbygging minnkar skipulagshallann í borginni og mun léttu umtalsvert á umferð.